

110

- fluttar 1450 kr.
- | | | |
|----|--|-------------------|
| c. | Styrkur til viðhalds á verkfærum | 100 — |
| | | Til samans 1550 — |
- og var það tilætlun amtsráðsins, að helmingur þessarar upphæðar yrði greiddur af hluta vesturamtsins af því fje, sem í fjárlögunum er ætlað til eflingar búnaði, sjá nr. 15. b. hér að framan, en helmingur úr búnaðarsjóði vesturamtsins.
17. Því næst voru þessar fjárveitingar úr búnaðarsjóði vesturamtsins samþykktar:
- | | | |
|----|---|---------|
| a. | Til kennslustofnunarinnar í Ólafsdal | 775 kr. |
| b. | Til Lópts hreppstjóra Guðmundssonar á Keisbakka styrkur til að kaupa fyrir kerru | 50 — |
| c. | Til Strandasýslu styrkur til launa handa tveim jarðyrkjumönnum, Guðjóni Guðmundssyni á Laugabóli og Jóni Jónssyni á Hlaðhamri | 200 — |
| d. | Til Torfa Bjarnasonar til að kaupa fyrir tvo sjónauka til afnota við búnaðarkennsluna | 50 — |
| e. | Til jarðyrkjumanns Jóns Jónssonar á Hlaðhamri viðbót til verkfæra-kaupa (sjá að framan nr. 15. b. 3.) | 50 — |
18. Að síðustu var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1882.

Tekjur.

1.	Í sjóði	1000 kr. »a.
2.	Niðurfjöfnun	3308 — 80 —
		Samtals 4308 — 80 —

Gjöld.

1.	Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	400 kr. »a.
2.	Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja	300 — » -
3.	Endurgjald kostnaðar við byggingu fangahúsa	1708 — 80 -
4.	Kostnaður við amtsráðið	300 — » -
5.	Til ferðakostnaðar	200 — » -
6.	Ýmisleg útgjöld	400 — » -
7.	Eptirstöðvar	1000 — » -
		Samtals 4308 — 80 -

Reykjavík 26. sept. 1881.

Bergur Thorberg.

111

B.

Fundur amtsráðsins í sudurumdæminu 27.—30. júní 1881.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmönnum dr. phil. Grími Thomsen, sem hafði verið endurkosinn til amtsráðsins eptir að hafa útendað hinn lögákveðna tíma, og prófasti síra Skúla Gíslasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum;

1. Forseti lagði fram og amtsráðið kynnti sjer eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:
 - a. Í Austur-Skaptafellssýslu frá fundi 20. október, 1880.
 - b. Í sömu sýslu frá fundi 10. maí 1881.

- c. Í Rangárvallasýslu frá fundi 14. okt. 1880.
- d. Í sömu sýslu frá fundi 30. apríl 1881.
- e. Í Árnessýslu frá fundi í aprílm. 1881.
- f. Í Kjósar- og Gullbringusýslu frá fundi 16. nóv. 1880.
- g. Í sömu sýslu frá fundi 16. maí 1881.
- h. Í Borgarfjarðarsýslu frá fundi 26. apríl 1881.
- i. Í Vestmannaeyjasýslu frá fundi 25. sept. 1880.
- k. Í sömu sýslu frá fundi 6. okt. 1880.
- l. Í sömu sýslu frá fundi 22. maí 1880.
- m. Í sömu sýslu frá fundi 10. maí 1881.

Við þessar útskriftir fannst ekkert að athuga.

- n. Í Vestur-Skaptafellsýslu frá fundi 1. nóv. 1880.

Við þessa útskrift var athugað:

1. Ákvörðun sýslunefndarinnar um, að greiða skuli úr sýslusjóði 71 kr. 30 a. fyrir þurfamannaflutning sýnist koma í bága við ákvarðanirnar í opnu brjefi 17. apríl 1868.
 2. Viðvíkjandi dagsektum, sem útskriftin sýndi, að sýslunefndin hafði uppálagt hinum fyrverandi oddvita hreppsnefndarinnar í Kleifahreppi, síra Sveini Eiríkssyni á Sandfelli, til að neyða hann til að semja sveitarreikning m. m., skýrði forseti frá, að hann samkvæmt 58. gr. sveitarstjórnarlaganna hefði fellt þessa ákvörðun sýslunefndarinnar úr gildi, þar eð lagaheimild vantaði fyrir henni, og fjellst amtsráðið á þennan úrskurð forsetans.
 3. Í áætlun um gjöld sýslusjóðsins fyrir árið 1881 eru óviss útgjöld talin 500 kr. Með tilliti til þess, hversu gjaldliður þessi er hár, ákvað amtsráðið, að leita skýringa um, hvernig á þessu stæði.
2. Eptirfylgjandi sýslusjóðsreikningar voru yfirskoðaðir og úrskurðaðir:
- a. Reikningur Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir 1879. Amtsráðið itrekaði úrskurð sinn við reikninginn fyrir 1878 viðvíkjandi því, að endurgjalda skyldi sýslusjóðnum það, sem greitt hafði verið um of sýslunefndarmanninum í Rosmhvalanesshreppi fyrir hestfóður m. m. Reikningurinn sjest ekki að hafa verið samþykktur af sýslunefndinni, og var því ákveðið, að brýna skyldi fyrir sýslumanninum það, sem í þessu tilliti er fyrirskipað í 41. gr. sbr. 42. gr. sveitastjórnarlaganna.
 - b. Reikningar Borgarfjarðarsýslu fyrir 1878 og 1879. Með því yfirsetukonum og sýslunefndarmönnum ekki höfðu verið borguð að fullu laun þeirra fyrir hvort árið, var ákveðið, að brýna fyrir sýslumanninum að láta koma fram í hvers árs reikningi þau gjöld, er því ári til heyra. Sumar af skýrslum þeim, er áttu að sýna, hvernig vegabóttagjaldinu hafði verið varið, gátu ekki álitizt fullnægjandi, og skoðunargjörð um eina vegabót vantaði. Það var enn fremur athugað, að ekki hafi enn verið fullnægt úrskurði amtsráðsins við sýslusjóðsreikningana 1876 og 77, um að sýslunefndin skyldi endurgjalda sýslusjóði 64 kr. 8 a. En um þetta mál er skýrskotað til 15. tölul. hjer á eptir. Samþykki sýslunefndarinnar vantaði og á þennan reikning.
 - c. Reikningar Árnessýslu fyrir árin 1878, 1879 og 1880. Þar eð vegabótareikningurinn fyrir árið 1878 aldrei hefir verið rannsakaður af endurskoðunarmanni, ákvað amtsráðið, að senda skyldi aptur til sýslumanns sýslusjóðsreikninginn fyrir nefnt ár, til þess að hann hlutaðist til um, að þessi reikningur yrði end-

III

urskoðaður, að því er hið umgetna atriði snertir. Reikningurinn fyrir 1879 áleizt að vísu að vera óformlegur, en amtsráðinu þótti samt eigi næg ástæða til að senda hann aptur, til þess að hann yrði endurbættur, einkum af því, að hinir formlegu gallar, sem á honum eru, hafa að miklu leyti verið lagfærðir í reikningnum fyrir 1880. Viðvíkjandi þessum reikningi fann amtsráðið ekkert verulegt að athuga, en gat þess, að spurningin um 56 kr., sem í reikningnum fyrir 1878 eru taldar til útgjalda fyrir endurskoðun hreppsreikninga, en tilfærðar með eptirstöðvum í reikningnum fyrir 1880, mundu koma til álita, þegar úrskurður yrði lagður á hinn fyrnefnda reikning. Með tilliti til vanskila á fje sýslusjóðsins af hendi hins fyrri reikningshaldara, sem útásetning hafði verið gjörð um af yfirskoðunarmönnum, skal skýrskotað til þess, er þar um verður tilfært við 3. tölulið hjer á eptir, þar sem þetta reikningsatriði kemur fram sem sjerstakt málefni.

- d. Reikningar Rangárvallasýslu fyrir 1879 og 1880.
- e. Reikningur Vestur-Skaptafellssýslu fyrir 1879.
- f. Reikningur Austur-Skaptafellssýslu fyrir 1879.
- g. Reikningar Vestmannaeyjasýslu fyrir 1879 og 1880.

Við þessa reikninga (d.—g.) fannst ekkert að athuga, annað en það, að reikningarnir frá Skaptafellssýslum hafa ekki verið samþykktir af sýslunefndunum, og að í Vestmannaeyjasýslu sýnist ekkert vegabóttagjald að hafa verið greitt og engar vegabætur gjörðar árið 1880, og var ákveðið, að leita skyldi upplýsinga um þetta.

3. Sýslumaðurinn í Árnassýslu hafði farið þess á leit, að amtsráðið veitti fulltingi sitt til þess, að fyrrum sýslumaður í Árnassýslu, Þorsteinn Jónsson, greiddi sýslusjóðnum 864 kr. 19 a., sem talið var að hann skuldaði nefndum sjóði. Forseti skýrði frá, að hann hefði útvegað skýrslu hlutaðeigenda um þetta málefni, og að eptir henni, samánborinni við reikninginn fyrir 1879 hafi af þessari upphæð verið útborgaðar 167 kr. eða rjettara 167 kr. 90½ a., auk 56 kr., sem greiddar höfðu verið fyrir endurskoðun hreppsreikninga 1878, samtals 223 kr. 90½ e., og verði þá eptir 640 kr. 28½ e., en að upp í þessa upphæð tjáist sýslumaður Þorsteinn Jónsson hafa borgað 600 kr. til hins núveranda sýslumanns í Árnassýslu samkvæmt kvittun hans 23. janúar 1880. Amtsráðið ákvað, að senda sýslunefndinni í Árnassýslu skýrslu þessa, og jafnframt uppáleggja henni að hlutast til um, að hið umrædda fje, sem nú er talið útistandandi, komi inn í sýslusjóðinn.
4. Forseti lagði fram skýrslu um kvennaskólann í Reykjavík fyrir kennsluárið 1880—81, og veitti amtsráðið heimild til að greiða til skóla þessa sama styrk úr jafnaðarsjóði og að undanfögnu fyrir árið 1882, nefnilega 200 kr.
5. Forseti lagði fram brjef til amtsráðsins frá forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík, þar sem hún fer fram á, að amtsráðið, sem hefir á hendi umsjón yfir skólanum, ákveði nákvæmar stöðu sína gagnvart forstöðunefnd skólans, ef slík forstöðunefnd framvegis skyldi álitast nauðsynleg. Eptir að amtsráðið hafði kynnt sjer skjal þetta og brjef þau, er höfðu farið á milli forstöðunefndarinnar, forstöðukonunnar og forseta amtsráðsins út af þessu, ákvað amtsráðið, að forseti fyrir amtsráðsins hönd skyldi semja reglugjörð fyrir skólann, er skyldi innihalda hinar nauðsynlegu ákvarðanir um verkvið forstöðukonunnar og nefndarinnar, og voru tekin fram hin helztu atriði, er reglugjörð þessi skyldi innihalda.

6. Út af beiðni frá premier-lieutenant Trolle, er landshöfðinginn hafði sent amtsráðinu til álita, viðvíkjandi 2000 kr. styrk af því fje, sem veitt er til eflingar búnaði — upp í kostnaðinn við ferð hans til Íslands til að kynna sjer fiskiveiðarnar m. m. — sá amtsráðið sjer eptir atvikum ekki fært að mæla fram með því, að hinn umbeiðni styrkur yrði veittur.
7. Hreppsnefndin í Kleifahreppi hafði beiðzt leyfis amtsráðsins til að mega verja 120 fiskum til fæðispeninga handa hreppsnefndarmönnum við fundahöld í þarfir hreppsins, en amtsráðið áleit sig ekki hafa vald til að veita þetta leyfi.
8. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Borgarfjarðarsýslu um notkun af-rjetta m. m., er hlutaðeigandi sýslunefnd hafði sent amtsráðinu til meðferðar, en með því amtsráðið eptir sveitastjórnarlögunum ekki hefir nein beinlínis afskipti af því, að setja slíkar reglugjörðir, var máli þessu vísað til forseta.
9. Forseti lagði fram skýrslur um hina fyrverandi spítalajörð Kaldaðarnes og uppástungur sýslunefndar og sýslumanns um leigumála á jörðinni, en landshöfðinginn hafði skorað á amtsráðið, að segja álit sitt um uppástungur þessar. Það var álit amtsráðsins, að leigumáli sá, sem stungið hefir verið upp á á heimajörðinni: landskuld 120 ál. og leigur 80 pd. smjör, væri of lágur, bæði þegar haft er tillit til dýrleika jarðarinnar í samanburði við hjáleignar, og til peningsfjölda þess, sem álitid er að hún geti borið, og í samanburði við þann leigumála, sem stungið er upp á á hjáleignum, og áleit ráðið, að hæfilegur leigumáli á heimajörðinni mundi vera 180 álna landskuld og 5 kúgildi; en við þann leigumála, sem settur hefir verið á hjáleignar, fann ráðið ekkert að athuga, þó með einni breytingu, sem hreppsnefndin hafði bent á.
10. Þá voru fram lagðar samkynja skýrslur um jarðirnar Belgsholt og Belgsholtskot og uppástungur um leigumála á þeim. Amtsráðið vildi fallast á þær tillögur hreppsnefndar og sýslunefndar, að kúgildunum á Belgsholti yrði fækkað um eitt, þannig að þau að eins yrðu þrjú, en að leigumálinn á jörðum þessum að öðru leyti skyldi vera óbreyttur.
11. Forseti skýrði frá, að hann, samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á síðasta fundi, hefði skrifazt á við landshöfðingiann um, að láta burtfalla gjaldlið 9. A. a. í jafnaðarsjóðsreikningnum fyrir 1880, sbr. tekjulið 1. a. í sama reikningi, og ákvað amtsráðið, að upphæð sú, sem þar er tilfærð, 1032 kr. 87 a., sem er gamall kostnaður við ráðstafanir í tilefni af fjárkláðanum, skyldi teljast með endilegum útgjöldum í næsta árs jafnaðarsjóðsreikningi.
12. Amtsráðið fjellst á uppástungu frá sýslunefndinni í Austur-Skaptafellssýslu um breytingu á sýsluveginum í Mýrahreppi, samkvæmt því, er hreppsnefndin hafði farið fram á.
13. Sýslunefndin í Árnassýslu hafði af nýju farið þess á leit, að hinn svokallaði Ásavegur og hinn svokallaði Melavegur mættu verða gjörðir að sýsluvegum. En amtsráðið ákvað, að fresta enn máli þessu af þeim ástæðum, sem sýslunefndinni höfðu verið tilkynntar af forseta amtsráðsins, samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á síðasta fundi (sjá Stj.tíð. B. 1880 bls. 138 tölul. 13.)
14. Forseti lagði fram brjef frá sýslunefndinni í Árnassýslu viðvíkjandi beiðni frá Þingvallahreppi um, að fá þingstað fyrir hreppinn að Þingvöllum. Amtsráðið áleit beiðni þessa á rökum byggða, en vísaði henni frá sjer, sem ráðinu óviðkomandi.

- III 15. Landshöfðinginn hafði beiðzt álits amtsráðsins um bónarbrjef bæjarfógeta E. Th. Jónassens, er fer þess á leit, að landshöfðingi ónýti úrskurð amtsráðsins um, að sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu skyldi endurgjalda sýslusjóðnum 64 kr. 8 a., er var talið til útgjalda í sýslusjóðsreikningi fyrir árið 1875. Amtsráðið fól forseta að svara landshöfðingjanum samkvæmt brjefi amtmannsins frá 25. marz 1878.
16. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að sýslunefndin í Rangárvallasýslu mætti verja allt að 210 kr. úr sýslusjóði til fundarhúss fyrir sýsluna, með skuldbindingu til að viðhalda húsinu að $\frac{2}{3}$ á móts við Hvolshrepps sveitarsjóð.
17. Síðan var rætt um, hverjar tillögur amtsráðið vildi koma fram með um það, hvernig verja skyldi hluta suðuramtsins, væntanlega að upphæð 3535 kr., af því fje, sem fyrir árið 1881 er veitt í fjárlögnum til eflingar búnaði.
- a. Í tilefni af bónarbrjefi frá búnaðarfjelagi suðuramtsins, sem landshöfðinginn hafði sent amtsráðinu til álita, voru það tillögur ráðsins, að þessu fjelagi yrðu veittar 1500 kr., sem sje varið einungis til verkferakaupa og til launa handa jarðyrkjumönnum. Frá öðrum búnaðarfjelogum í suðramtinu höfðu engin bónarbrjef komið, nema frá búnaðarfjelagi í Seltjarnarnesshreppi; en þar eð þetta fjelag hafði verið stofnað í lok síðastliðins árs, og amtsráðinu enn eigi var neitt kunnugt um framkvæmdir þess, sá amtsráðið sjer ekki fært að útvega því neinn styrk að svo komnu.
- b. Forseti skýrði amtsráðinu frá, að hann hefði samið við búfrœðing Ólaf Ólafsson um að fara til Skaptafellssýslu á þessu sumri til að gjöra tilraunir til að hepta útbreiðslu sandfoksins með sáningu og plöntun, og til að ferðast um sýsluna til að láta mönnum í tje leiðbeiningu í landbúnaði og jarðabótum; að hann hefði heitið honum í laun 1000 kr. fyrir allt sumarið, þar í fölginn allur ferðakostnaður; að hann hefði pantað fræ og plöntur frá Danmörku, og að jarðyrkjumaðurinn hefði haft þetta með sjer til Skaptafellssýslu til afnota við hið fyrirhugaða verk. Amtsráðið samþykkti þessar ráðstafanir og vildi leggja það til, að ætlað væri 1235 kr. til þess kostnaðar, sem þessar ráðstafanir hefðu í för með sjer.
- c. Forseti skýrði frá, að landshöfðinginn eptir tillögum sínum hefði veitt Ingunni Jónsdóttur 200 kr. styrk af hinu umrædda fje, til þess að læra meðferð á mjólk m. m. í Danmörku, og Guðmundi Ögmundssyni 100 kr. til að nema búfrœði á Stend í Noregi, en að maður þessi nú hefði sókt um, að mega njóta þessa styrks til að ganga á gagnfrœðaskólann á Möðruvöllum, og vildi amtsráðið mæla með því, að þessi breyting yrði gjörð á fjárveitingunni.
- d. Auk þeirra fjárveitinga, sem að ofan eru nefndar, lagði amtsráðið það til, að 500 kr. yrðu ætlaðar til ýmislegs kostnaðar viðvíkjandi sandfokinu, er enn kynni fyrir að koma. Og þar eð allt það fje þannig var upp unnið, sem amtsráðið bjóst við að fá atkvæði um, nema því að eins, að herra landshöfðingjanum mætti þóknast að rifka greinda fjárupphæð, þá var amtsráðinu nauðugur einn kostur, að láta þá beiðendur, sem annars hafa leitað til amtsráðsins um styrk til ýmsra verklegra fyrirtækja, fara synjandi.
18. Forseti gaf amtsráðinu yfirlitsskýrslu yfir það, hvernig varið hafi verið því fje, sem amtsráðinu hafði á sínum tíma verið fengið til umráða:
- a. Með brjefi landshöfðingjans frá 15. febrúar 1879 966 kr. 66 a.
flyt 966 kr. 66 a.

- flutt 966 kr. 66 a.
- b. Með brjefi landshöfðingjans frá 24. desbr. 1879 1566 — 66 -
 til samans 2533 — 32 -
- og fann amtsráðið ekkert við þetta að athuga.
19. Forseti lagði fram reikning með fylgiskjölum yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1880. Eptirrit af reikningi þessum höfðu verið send hin- um kosnu amtsráðsmönnum til yfirskoðunar. Reikningurinn var yfir farinn og fannst ekkert við hann að athuga.
20. Forseti lagði fram:
- a. Reikning yfir búnaðarskólagjald suðuramtsins fyrir árið 1880, og
 b. Reikning fyrir styrktarsjóð konungs landseta í suðuramtinu fyrir árið 1880.
- Reikningar þessir voru yfirskoðaðir og fannst ekkert við þá að athuga.
21. Hreppsnefndirnar í Skeiðahreppi og Gnúpverjahreppi í Árnessýslu höfðu sent amts- ráðinu umkvörtunarskjöl viðvíkjandi reglugjörð um notkun afrjetta m. m., er sýslu- nefndin í Árnessýslu hafði samþykkt á fundi sínum í síðastliðnum aprilmánuði. Amtsráðið ákvað, að senda sýslunefndinni skjöl þessi til andsvara, og þar með eptirrit það af reglugjörðinni, er ráðinu hafði verið sent. En með tilliti til ýmsra greina í reglugjörðinni, t. d. 2., 9. og sjer í lagi 8. greinar, fann amtsráðið ástæðu til jafnframt að ákveða, að reglugjörðin í heild sinni ekki skyldi öðlast gildi að svo komnu.
22. Hreppsnefndin í Bessastaðahreppi hafði farið þess á leit, að felldur yrði úr gildi úrskurður sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 16. maí þ. á., er á- kveður, að greind hreppsnefnd skuli greiða prófasti síra Þórarni Böðvarssyni 21 kr. sem eptirstöðvar af forsorgunarkostnaði drengsins Ögmundar Gíslasonar. Með umkvörtunarskjali sínu hafði hreppsnefndin látið fylgja eptirrit af brjefum þeim, er í þessu máli höfðu farið milli hreppsnefndarinnar á eina hlið og sóknarprestsins og sýslunefndarinnar á hina, og mátti af skjölum þessum sjá, að hreppsnefndin með brjefi, dags. í nóvembermánuði 1880, hafði borið undir úrskurð sýslunefndarinnar ágreining þann, sem átti sjer stað milli hennar og sóknarprestsins um greiðslu nefndrar upphæðar, með ósk um, að málefni þetta kæmi til úrskurðar á næsta fundi sýslunefndarinnar, eptir það að hún væri orðin aukin einum sýslunefndar- manni fyrir Bessastaðahrepp. En þar eð ekki varð sjeð, að þetta brjef hafi verið framlagt eða komið til álita í sýslunefndinni, þá er lagður var úrskurður á málið, ákvað amtsráðið, að málinu skyldi aptur vísa til sýslunefndarinnar til nýrrar fyrir- tektar og úrskurðar.
23. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu samþykkti amts- ráðið þá breytingu á yfirsetukvennahjeruðunum þar, að í staðinn fyrir 8. og 9. yfirsetukvennahjerað sýslunnar kæmu þrjú hjeruð: 1. Langholtssókn, 2. Ása og Búlands sóknir, og 3. Þykkvabæjarklausturssókn.
24. Að síðustu var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1882.

Tekjur.

1. Í sjóði	1500 kr. »a.
2. Niðurjöfnun	1820 — 3 -
	Samtals 3320 — 3 -

III

Gjöld.

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	300 kr.	» a.
2. Til ferðakostnaðar	200 —	» -
3. Til kennslu heyrnar- og málleysingja	440 —	» -
4. Til sáttamálefna	20 —	» -
5. Endurgjald á lánum	660 —	3 -
6. Kostnaður við amtsráðið	150 —	» -
7. Ýmisleg útgjöld	550 —	» -
8. Í sjóði	1000 —	» -
	Samtals 3320 —	3 -

Reykjavík 27. sept. 1881.

Bergur Thorberg.

112

Reikningar.

Nokkrir opinberir sjóðir og stofnanir, sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austurumdæminu.

I.

Möðruvallaklausturs kirkja fardagaárið 1879—80.

	Tekjur.		Kr.	A.
1. Kirkjutíund af fasteign og lausafje 604,58 fiskar eða 302,29 ál. á 52 a.	157	19		
2. Ljóstollar 63 að tölu á 4 pund tólgar alls 252 pd.				
par af er eytt til ljósa		24 —		
		þau	228 pd.	
eru seld fyrir 38 aura hvert pund	86	64		
3. Legkaup 8 heil, 6 hálf, alls 60 ál. eptir verðlagsskrá 1879—80 á 53 a.	34	98		
4. Athugasemd við reikninginn 1878—79	»	14		
	Samtals	278	95	

Gjöld.

	Kr.	A.
1. Til altarisgöngufólks	21	38
2. Fyrir ¼ pd. ljósagarn	»	50
3. — skróða og gólfþvott kirkjunnar m. m.	16	»
4. — yfirskoðun reiknings þessa	1	56
5. — tjörgun og yfirmál kirkjunnar	122	7
6. Borgað í landssjóð	117	44
	Samtals	278 95